

Heildaráætlun um stuðning í námi og kennslu



Ártúnsskóli



Formáli

Í lögum um grunnskóla (nr.91/2008) 13. grein segir að grunnskóli sé vinnustaður nemenda og að allir nemendur eigi/hafi rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi sem tekur mið af þörfum þeirra og almennri vellíðan. Grunnskóli skal í hvívetna haga störfum sínum þannig að nemendur finni til öryggis og njóti hæfileika sinna. Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, [smellið hér](#).

Meginmarkmið stefnu Reykjavíkurborgar er að stuðla að sem bestri þjónustu við nemendur með sérþarfir í grunnskólum borgarinnar, uppfylla markmið laga og aðalnámskrár um kennslu í samræmi við eðli og þarfir nemenda og að nýta fjármagn til sérkennslu sem best. Stefna grunnskóla Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar, [smellið hér](#).

Beiðnir um aðstoð/stuðning við nemendur

Umsóknir um aðstoð eða stuðning fyrir nemendur geta borist frá foreldrum, kennurum, öðrum sérfræðingum innan skólans, í samstarfi milli starfsfólks skólans eða frá leikskóla þegar barn byrjar í 1. bekk.

Athuganir og skimanir

Bekkur	Lestur/Talnaskilningur	Tímabil
1. bekkur	Stafakönnun Lesferill Lestrarskimun (LTL) Milli mála	Eftir þörfum yfir skólaárið Sept., jan., maí Október Einstaklingsbundið
2. bekkur	Lesferill Orðleysur og sjónrænn orðaforði Matslisti Stafakönnun Lesmál Aston Index Milli mála	Sept., jan., maí Eftir þörfum Eftir þörfum yfir skólaárið Eftir þörfum yfir skólaárið Apríl Lagt fyrir tvisvar yfir skólaárið Einstaklingsbundið
3. bekkur	Lesferill - matslisti Orðleysur og sjónrænn orðaforði Matslisti Stafakönnun Aston Index Orðarún Talnalykill Milli mála	Sept., jan., maí Eftir þörfum Eftir þörfum yfir skólaárið Eftir þörfum yfir skólaárið Lagt fyrir tvisvar yfir skólaárið Lagt fyrir tvisvar yfir skólaárið Einstaklingsbundið Einstaklingsbundið
4. bekkur	Lesferill - matslisti Orðleysur og sjónrænn orðaforði Matslisti Stafakönnun Aston Index Orðarún Talnalykill Milli mála	Sept., jan., maí Eftir þörfum Eftir þörfum yfir skólaárið Eftir þörfum yfir skólaárið Lagt fyrir tvisvar yfir skólaárið Lagt fyrir tvisvar yfir skólaárið Einstaklingsbundið Einstaklingsbundið



5. bekkur	Lesferill Orðleysur og sjónrænn orðaforði Matslisti Framsagnarpróf Stafakönnun Aston Index Orðarún Logos lestrargreining Talnýkill Milli mála	Sept., jan., maí Eftir þörfum Eftir þörfum yfir skólaárið Lagt fyrir að vori Eftir þörfum yfir skólaárið Lagt fyrir tvisvar yfir skólaárið Lagt fyrir tvisvar yfir skólaárið Einstaklingsbundið Einstaklingsbundið Einstaklingsbundið
6. bekkur	Lesferill Orðleysur og sjónrænn orðaforði Matslisti Framsagnarpróf Stafakönnun Aston Index Orðarún Logos lestrargreining Talnýkill Milli mála	Sept., jan., maí Eftir þörfum Eftir þörfum yfir skólaárið Lagt fyrir að vori Eftir þörfum yfir skólaárið Lagt fyrir tvisvar yfir skólaárið Lagt fyrir tvisvar yfir skólaárið Einstaklingsbundið Einstaklingsbundið Einstaklingsbundið
7. bekkur	Lesferill Orðleysur og sjónrænn orðaforði Matslisti Framsagnarpróf Stafakönnun Aston Index Orðarún Logos lestrargreining Talnýkill Milli mála	Sept., jan., maí Eftir þörfum Eftir þörfum yfir skólaárið Lagt fyrir að vori Eftir þörfum yfir skólaárið Lagt fyrir tvisvar yfir skólaárið Lagt fyrir tvisvar yfir skólaárið Einstaklingsbundið Einstaklingsbundið Einstaklingsbundið



Sérstakur stuðningur við nemendur er til dæmis:

- Einstaklingsáætlanir
- Námsáætlanir
- Stuðningur í bekk, sérgreinum, í frímínútum, í sundi
- Viðtöl, leiðsögn, ráðgjöf
- Mat og greining á námsfærni
- Sérkennsla

Verklag er varðar árangur og líðan nemenda

Niðurstöður lestrarprófa s.s. Lesfimi, Lesmáls, Orðarúnar, auk kannana og prófa í stærðfræði, tungumálum og náttúrugreinum eru rýndar a.m.k. þrisvar sinnum á skólaárinu og er það gert í samstarfi umsjónarkennara og starfsfólks stoðþjónustu skólans. Að auki eru niðurstöður Lesfimi rýndar af stjórnendum, stoðþjónustu og kennurum og farið yfir niðurstöður sameiginlega á kennarafundum. Stoðþjónusta skólans í samstarfi við umsjónarkennara gera í framhaldi niðurstaðna áætlun um hvernig bregðast skuli við árangri nemenda þegar framfarir eru undir væntingum eða niðurstöður víkja frá námsferli þeirra.

Niðurstöður Lesfimi, skólapúlsins og annarra kannana eru kynntar í skólaráði, birtar á heimasíðu skólans og sendar á foreldra/forráðamenn eins og hæfir hverju sinni auk þess sem farið er yfir þær á kennarafundum.

Lausnateymi

Við Ártúnsskóla starfar lausnateymi og geta kennarar og starfsmenn skólans óskað eftir stuðningi þess. Í teyminu sitja tveir fulltrúar frá Austurmiðstöð, deildarstjóri stoðþjónustu, aðstoðarskólastjóri, forstöðumaður frístundar og forstöðumaður Ársels. Fundað er á tveggja vikna fresti og þarf að óska eftir ráðgjöf lausnateymisins á tilteknu eyðublaði.

Hlutverk lausnateymis er að leita lausna á vanda sem börn glíma við og geta málin varðað einstaka barn eða barnahópa. Ávallt skal upplýsa foreldra/forsjáraðila um að leitað verði ráða hjá teyminu fyrir barnið þeirra.

Í lausnateymi eru félagsleg samskipti, hegðun, nám og líðan barna rædd og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast við vandanum. Fundargerð er skráð, ákvarðanir teknar um næstu skref, verkefnum útdelt eftir því sem við á og málum fylgt eftir á næsta fundi teymisins og áfram ef þörf krefur. Ef ekki finnst viðunandi lausn fyrir barnið hjá lausnateyminu er málum vísað til nemendaverndarráðs.

Nemendaverndarráð

Í nemendaverndarráði eru tekin fyrir mál einstakra nemenda eða nemendahópa þegar úrræði lausnateymis duga ekki til og leita þarf aðstoðar sérfræðinga á Austurmiðstöð eða ef um bráðamál er að ræða sem geta ekki beðið úrlausnar lausnateymisins.

Í ráðinu sitja skólastjórnendur grunn- og leikskóla, forstöðumaður frístundar, deildarstjóri stoðþjónustu, sálfræðingur, skólahjúkrunarfræðingur, félagsráðgjafi, skólaráðgjafi og þroskaþjálfari. Stundum þarf að kalla til aðra aðila á fundina s.s. fulltrúa frá barnaverndaryfirvöldum, foreldra eða kennara. Ráðið tekur á málum sem þarfnast aðstoðar frá sérfræðingum og getur vísað málum til annarra aðila ef þess þarf.



Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi t.d. skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf og sérfræðipjónustu en að auki að vera skólustjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlaða vegna sértækrar aðstoðar við nemendur.

Ávallt skal upplýsa foreldra um að máli barns þeirra hafi verið vísað til nemendaverndarráðs og leita eftir samstarfi við foreldra um lausn mála eftir því sem framast er kostur.

Nemendaverndarráð fjallar um mál er varða sértæk úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa. Starfsfólk skóla, foreldrar, nemendur, fulltrúar sérfræðipjónustu og fulltrúar í nemendaverndarráði geta átt frumkvæði að því að mál einstaka nemenda séu tekin upp á fundum með því að óska eftir því við skólustjóra eða fulltrúa hans í nemendaverndarráði.

Ávallt skal vísa málum til ráðsins með formlegum hætti á eyðublaðinu, Mál til nemendaverndarráðs. Á blaðinu er ástæða tilvísunar tilgreind ásamt því sem áður hefur verið unnið, fundargerð skráð með helstu niðurstöðum fundarins, verkefnum úthlutað eftir því sem við á og tekin ákvörðun um næstu skref til úrlausnar á vandanum.

Ráðið metur hvort og þá hvaða viðbótar upplýsinga þarf að safna við vinnslu hvers máls og boðar á sinn fund t.d. umsjónarkennara og/eða foreldra svo og aðra aðila sem tengjast málinu eftir því sem við á.

Fulltrúar nemendaverndarráðs geta fundað með óformlegum hætti til að taka ákvörðun um hvort taka skuli einstaka mál fyrir formlega í ráðinu. Telji nefndarmenn ástæðu til að fjalla á formlegan hátt um einstaka mál skal vísa málinu til ráðsins eftir þeim verklagsreglum sem að framan eru taldar. Að öðru leyti vísast í [lög og reglugerðir](#) sem snerta starfsemi nemendaverndarráðs.

Lestrarteymi

Í lestrarteymi skólans sitja deildarstjóri stoðþjónustu, leiðtogi skólans í Byrjendalæsi, sérkennari og umsjónarkennari.

Verkefni lestrarteymisins eru fjölbreytt og má þar nefna uppfærslu á lestrarstefnu skólans, ráðgjöf til kennara varðandi lestur, lestrarnám og lestrarkennslu auk hugmynda að lestrarhvetjandi verkefnum og lestrarsprettum sem stýrt er af bókasafni skólans. Samstarf er á milli lestrarteymisins og bókasafns skólans.

Verkefni og ábyrgð deildarstjóra stoðþjónustu

Við skólann starfar deildarstjóri stoðþjónustu í 50% starfi. Hann stýrir nemendaverndarráði og lausnateymi, boðar til þeirra funda og sér um eftirfylgni mála. Að auki skipuleggur hann störf sérkennara, þroskaþjálfara og stuðningsfulltrúa í samráði við skólustjórnendur. Trúnaðargögn berast til deildarstjóra stoðþjónustu sem sér um meðferð þeirra og geymslu.

Deildarstjóri stoðþjónustu vinnur náið með umsjónarkennurum, ber ábyrgð á gerð einstaklingsáætlana og skipuleggur sérkennsluúrræði fyrir einstaklinga og hópa. Hann fylgir eftir og sér um úrvinnslu skimunarprófa sem lögð eru reglulega fyrir nemendur skólans. Eftir

úrvinnslu prófanna fundar hann með kennurum þar sem farið er yfir niðurstöður og vinnu með nemendum. Hann vinnur LOGOS lestrargreiningar.

Deildarstjóri stoðþjónustu sér um að boða á teymisfundum sem hann situr með foreldrum, umsjónarkennurum, starfsfólki skólans og öðrum fagaðilum. Hann sér um að skrá fundargerðir og um eftirfylgni fundanna. Hann er tengiliður farsældar í grunnskólanum.

Deildarstjóri stoðþjónustu er í forsvari fyrir lestrar-teymi skólans.

Umsjónarkennurum, starfsfólki skólans, foreldrum og nemendum er ávallt velkomið að leita ráða og aðstoðar hjá deildarstjóra stoðþjónustu.

Verkefni og ábyrgð umsjónarkennara gagnvart nemendum með fötlun eða sérþarfir

Umsjónarkennari er ætíð lykilpersóna hvers nemanda sem hann ber ábyrgð á í kennslu. Hann veitir nemandanum stuðning og aðhald og fylgist með andlegri og líkamlegri heilsu hans. Umsjónarkennari situr í þjónustuteymi nemandans og sér um samskipti við foreldra ásamt deildarstjóra stoðþjónustu. Hann hefur heildarsýn yfir nám og skólaveru nemandans og ber ábyrgð á að unnið sé eftir einstaklingsnámskrám sem unnar hafa verið fyrir hann.

Verkefni og ábyrgð sérkennara, þroskaþjálfara og annarra fagaðila sem starfa í skólanum

Sérkennarar og þroskaþjálfari vinna með börnum í skólanum eins og áætlanir segja til um. Sérkennarar vinna við gerð einstaklingsnámskráa og námsáætlana fyrir nemendur í samstarfi við umsjónarkennara og þroskaþjálfara en þroskaþjálfari skólans kemur að gerð einstaklingsnámskráa fyrir nemendur sem hafa þörf fyrir þjónustu hans. Þroskaþjálfari kemur að stuðningi við nám nemenda, þjálfar félagsfærni þeirra og sinnir nemendum með fatlanir. Sérkennarar og þroskaþjálfari vinna náið með umsjónarkennurum skjólstæðinga sinna og foreldrum þeirra.

Verkefni og ábyrgð annars starfsfólks gagnvart nemendum með sérþarfir

Stuðningsfulltrúi er kennara til aðstoðar við að sinna nemendum sem þurfa sérstakan stuðning. Starfið þeirra miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði nemenda hvort sem er félagslega, námslega eða í daglegum athöfnum. Markmið starfsins er að draga smám saman úr þörf nemenda á stuðningi í skólanum og gera þá sjálfstæða.

Einstaklingsnámskrár, námsefni, leiðir í námi og aðlögun náms að nemendum

Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir nemendur þegar þörf er á að gera verulegar breytingar á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluháttum. Sérkennarar og/eða þroskaþjálfari og umsjónarkennari fara yfir stöðu nemenda og vinna í samstarfi áætlun í samráði við foreldra og nemendur. Einstaklingsnámskrá er unnin með hliðsjón af bekkjarnámskrá.

Einstaklingsnámskrá tekur til námslegra og/eða félagslegra þátta og nær ýmist yfir hluta skólastarfs nemanda eða til allra þátta starfsins. Námskráin getur t.d. tekið á námsáherslum, námsefni og kennsluaðferðum sem eru aðlagaðar að þörfum nemandans í skólanum en nær stundum einnig til þátta í daglegu lífi hans.



Ráðgjöf

Ráðgjöf í skólanum er margþætt. Ráðgjafar frá Austurmiðstöð sinna ráðgjöf til starfsfólks skóla í samstarfi við Lausnateymi skólans.

Í skólanum er skólaráðgjafi í 30% starfi sem sinnir ráðgjöf til nemenda varðandi nám, líðan og félagsfærni.

Þroskaþjálfari starfar við skólann og ber ábyrgð á þjálfun og ráðgjöf barna með fötlun auk þjálfunar í félagsfærni.

Skólahjúkrunarfræðingur vinnur í skólanum tvo morgna í viku og sinnir ráðgjöf varðandi heilsufar nemenda, bólusetningar, eftirlit og kennslu ýmissa þátta er tengjast heilsu og líðan.

Talmeinafræðingur vinnur í skólanum í 20% starfi. Hann vinnur málþroskagreiningar á nemendum og sinnir framburðarþjálfun.

Sálfræðingur frá Austurmiðstöð situr í nemendaverndarráði og sinnir greiningum hjá nemendum. Hann veitir nemendum og starfsfólki ráðgjöf auk þess sem foreldrar geta einnig óskað eftir viðtali við hann.

Í nemendaverndarráði situr félagsráðgjafi frá Austurmiðstöð sem sinnir ráðgjöf til foreldra og starfsfólks.

Teymisfundir vegna nemenda

Þjónustuteymi er skipað þegar nemandi með fötlun, tilfinningavanda eða frávik í hegðun og þroska innritast í skólann.

Hlutverk þjónustuteymis er að skilgreina markmið og leiðir í þjónustu við nemendur, kennslu þeirra og þjálfun. Einnig að meta árangur starfsins, endurskoða leiðir, skiptast á upplýsingum um árangurinn og finna lausnir á því hvernig má bæta starfið með nemandanum. Mismunandi er hvaða fagaðilar eru í teyminum en í teyminu sitja ávallt foreldrar og umsjónarkennari.

Deildarstjóri stoðþjónustu situr flesta teymisfundi vegna nemenda, sér um fundarritun og eftirfylgni ásamt því að boða til funda. Það fer eftir eðli hvers máls hvaða fagaðilar sitja í þjónustuteyminu. Tíðni funda er mismunandi og fer eftir aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig. Fundað er allt frá einum fundi á önn til funda á fárra vikna fresti.

Farteymi

Farteymi er sérhæft úrræði sem þjónar grunnskólum Reykjavíkur. Ráðgjafar í Farteyminu veita ráðgjöf og vinna með nemendur í náms- og hegðunarerfiðleikum sem og nemendum sem glíma við atferlisvanda og/eða geðraskanir. Ráðgjafar teymisins vinna með nemandann í skólaumhverfi hans ásamt því að vera í nánú sambandi við fagaðila skólans. Farteymið vinnur með samþykki foreldra/forráðamanna. Vinna með hvern nemanda varir í mislangan tíma eftir eðli mála. Að lokinni vinnu í heimaskóla tekur við eftirfylgni og ráðgjöf við nemandann um leiðir til að stuðla að áframhaldandi framförum hans og/eða hvernig hægt er



að viðhalda þeim árangri sem hefur unnist. Fyrir kemur að ráðgjafar Farteymis mæla með annars konar úrræðum en heimaskólinn getur veitt til að sinna þörfum nemandans á áhrifaríkan hátt.

Tengiliður í þágu farsældar

Þann 11. júní 2021 voru samþykkt á Alþingi „lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna“. Meginmarkmið þeirra er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.

Við framkvæmd laganna skulu réttindi barna tryggð í samræmi við stjórnarskrá og alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist, einkum með samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna.

Deildarstjóri stoðþjónustu er tengiliður grunnskóladeildar Ártúnsskóla.

Þjónusta í þágu farsældar barna er veitt á þremur þjónustustigum

Fyrsta stig skiptist í tvö undirstig - grunnþjónustu og fyrsta stigs þjónustu.

Grunnþjónusta eru t.d. áætlanir gegn ofbeldi og einelti, forvarnaráætlanir auk aðgerða sem stuðla að jákvæðum skólabrag. Fyrsta stigs þjónustan er einstaklingsstuðningur ásamt snemmtækum stuðningi sem miðast við börn sem glíma við vægan vanda og er unnið gegn því að vandinn aukist.

Á öðru stigi er stuðningurinn einstaklingsbundnari og markvissari en á fyrsta stigi og úrræðin sérhæfðari og þjónustan fjölbreyttari. Þjónustan á öðru stigi er veitt þegar úrræðin á fyrsta stigi hafa ekki borið tilætlaðan árangur.

Á þriðja stigi eru úrræði sem veita börnum enn einstaklingsbundnari og sérhæfðari þjónustu en á fyrsta og öðru stigi og er markmiðið að tryggja að farsæld barns verði ekki hætta búin. Börn sem njóta þjónustu á þessu stigi glíma oftast við fjölpættan og flókinn vanda ásamt mikilli umönnunarþörf.

Foreldrar eða barn geta óskað eftir samþættri þjónustu og getur hún verið veitt á öllum stigunum þremur. Með samþættri þjónustu óska foreldrar eða barn eftir og veita, tengilið eða málstjóra leyfi til þess að þeir sem þjónusta barnið tali saman og deili á milli sín upplýsingum í þágu barnsins.

Þegar óskað er eftir samþættri þjónustu er gerð stuðningsáætlun í samstarfi við foreldra og stuðningurinn samkvæmt stiginu sem málið er stadd á. Það fer eftir eðli málsins hvort það er í höndum tengiliðar farsældar eða málstjóra á Austurmiðstöð eða annarra sérfræðinga. Mál í samþættri þjónustu geta flust á milli stiga eftir árangri þjónustunnar.

Börn og foreldrar hafa aðgang að tengilið þjónustu í þágu farsældar barna. Í Ártúnsskóla er deildarstjóri stoðþjónustu tengiliður farsældar barna og geta foreldrar og börn leitað til hans með sín mál. Tengiliður hefur hagsmuni hvers barns að leiðarljósi. Hann vinnur mál í samstarfi og samráði við foreldra og barn.



Hlutverk tengiliðar er að:

- Meta hvort þörf sé á samþættingu máls
- Meta þjónustubörf, skipuleggja og meta þjónustubörf á fyrsta stigi
- Koma upplýsingum til Austurmiðstöðvar ef þörf er á málstjóra
- Getur tekið þátt í vinnu stuðningsteymis
- Veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns
- Aaðstoðar við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns
- Skipuleggur og fylgir eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns